

# Greinargerð með fjárhagsáætlun 2024

## Endurskoðuð áætlun

Á fimleikapingi 2021 var fjárhagsáætlun 2022-2023 samþykkt. Vegna breytinga á lögum sambandsins á þinginu í fyrra er áætlun 2023 óbreytt og því eingöngu lögð fram fjárhagsáætlun 2024.

## Skýringar 204

### Styrkir og framlög

Við leggjum upp með að fá sambærilega styrki og á fyrri árum frá ÍSÍ og Lottó og með það að leiðarljósi áætlum við kostnað af afrekssviði. Því er ljóst að ef styrkveiting verður ekki með sama hætti þá þarf að draga úr kostnaði afrekssviðs á móti. Árið 2024 er sambærilegt ár og 2022 með tilliti til umfangs afrekssviðs. Árið 2023 fengum við jafnframt styrk vegna 5 afreksmanna í áhaldafimleikum að upphæð 3.000.000 kr. sem áður hefur verið 1.000.000 kr. Við eyrnamerkjum þennan styrk þeim afreksmönnum sem nafngreindir eru.

Árið 2022 fengum við styrk frá Afrekssjóði upp á tæpar 65 milljónir og áætlum við að fá 68 milljónir árið 2024 þar sem að ÍSÍ áætla að fá aukið framlag frá ríkinu árið 2024 upp á tæpar 134 milljónir frá árinu 2022.

Einnig gerum við ráð fyrir að fá aukinn styrk frá samstarfsaðilum upp á rúmar 5 milljónir frá árinu 2022. Að auki áætlum við að fá 5 milljónir í aðrar tekjur á árinu 2024 þar sem við munum leggja mikið í að sækja um alla þá styrki sem hægt er að sækja um árið 2024.

### Innlend mót og sýningar

Gert er ráð fyrir að mótatekjur hækki að einhverju leiti frá árinu 2022 þar sem að árið 2022 vorum við ekki enn komin með sama fjölda keppenda og var áður en Covid herjaði á heiminn.

Áætluð gjöld eru þó ekki mikið hærri en undanfarin ár og er það vegna þess að við leggjum upp með að lágmarka kostnað á komandi árum, t.d. með því að draga úr merkingum á verðlaunapeningum þannig að það sé hægt að endurnýta þá.

### Alþjóðleg mót og sýningar

Áætlað er að fara í fleiri erlend verkefni áhaldamegin en á árinu 2022 og því er gert ráð fyrir meiri tekjum árið 2024 í áhaldafimleikum en árið 2022. Einnig er gert ráð fyrir, líkt og áður kom fram, að við fáum 2 milljónum meira í tekjur vegna ákveðinna afreksmanna úr Afrekssjóði. Þessir eyrnamerktu styrkir eru bókaðir á lánadrottana (afrekssjóði), þegar þau fara svo í verkefni er búinn til reikningur á þeirra viðskiptamannastöðu (líkt og á annað landsliðsfólk) og svo skuldajafnað af þeirra lánadrottnastöðu. Þessir viðskiptareikningar fara á bókhaldslykilinn „Áhaldafimleikar“.

Áætlað er að fara bæði á NM í hópimleikum sem og á EM í hópimleikum árið 2024 líkt og árið 2022. Því er áætlað að tekjur vegna hópimleika séu álíka og árið 2022.

Gert er ráð fyrir að fleiri þátttakendur fari á Golden Age og á Eurogym en árið 2022 og því eru áætlaðar tekjur vegna fimleika fyrir alla hærri en árið 2022.

Aðrar tekjur eru áætlaðir styrkir vegna Fimleikahringsins.

Áætlað er því að tekjur séu um 15,5 milljónum hærrí en árið 2022 og að gjöld séu rúmum 23,5 milljónum hærrí. Aðalmunurinn liggur í hækkingu á gjöldum vegna flugs þar sem að stærstu verkefni eru haldin á stöðum þar sem að flugleiðin er dýrari en árið 2022, t.d.:

- EM í hópímleikum fór fram í Lúxemborg árið 2022 en fer fram í Azerbáijan árið 2024.
- Stefnir er á að fara með fleiri iðkendir á World Cups í Cairo, Doha og Baku en árið 2022.
- Ekki þurfti að taka tvö flug á Eurogym 2022 en gert er ráð fyrir millilendingu í Osló á Eurogym 2024 þar sem að hátíðin er haldin nýrst í Noregi og því ekki hægt að fara með beinu flugi.
- Reiknað er með að fara með flugi á Golden Age 2024 en árið 2022 bókuðu þátttakendir sitt eigið flug.

### Námskeið og fræðslufni

Áætlað er að fleiri þjálfarar sækir námskeið á vegum FSÍ árið 2024 en árið 2023 og að haldið verði aftur dómaranámskeið í öllum greinum líkt og árið 2022. Vonast er eftir að þátttaka verði jafn góð og árið 2022.

Með nýju fræðslukerfi, þar sem að bóklega námið fer fram á netinu er áætlað að kostnaður vegna kennslu lækki.

### Leyfiskerfi

Áætlað er að fjöldi iðkenda í hreyfingunni aukist árið 2024 og fari í það sem áður var fyrir Covid. Vegna þess er áætlað að tekjur vegna leyfiskerfis aukist árið 2024.

### Aðrar tekjur

Líðurinn „Aðrar tekjur“ að upphæð 5 milljónir eru hugsaðar fyrir þeim tekjum sem við innheimtum fyrir bókfærðan kostnað sem tilheyrir ekki FSÍ. Inn í þessum tekjum er einnig aðrar erlendar tekjur og félagaskipti. Aðrar erlendar tekjur geta t.d. verið endurgreiðslur frá erlendum mótshöldurum, EG og FIG vegna kostnaðar sem bókfærður er t.d. á „Alþjóðleg mót og sýningar“.

### Fímleika Events ehf.

Áætlað er að nýta fyrirtækið fyrir þau verkefni sem falla utan eðlilegs reksturs FSÍ, eins og vegna erlends mótahalds o.s.frv. Árið 2022 seldum við t.a.m. stuðningsmannaboli og er áætlað að setja af stað vefverslun á bolum og öðrum varningi sem færi í gegnum fyrirtækið.

### Rekstrargjöld

Áætlað er að rekstrargjöld muni hækka um rúmar 2,5 milljón frá árinu 2022.

Í lok ársins 2022 fór ágætis launahækking VR í gegn sem þýðir að launakostnaður mun hækka að einhverju leiti frá árinu 2022 þrátt fyrir að starfsfólki fækkaði á árinu 2022, ekki er þó áætlað að fjölga starfsfólki á árunum 2023-2024.

Áætluð hækking stafar að megninu til vegna hækkingar á ýmsum gjaldaliðum líkt og launum til sérfræðinga og ráðgjafa, en þau laun voru greidd í gegnum Fímleika Events árið 2022.

Annar kostnaður er áætluð þjónustu- og bankagjöld.

### Vaxtatekjur

Áætluð hækking á vaxtatekjum má rekja til þess að lagt hefur verið til hliðar ágætis upphæð á vaxtareikning og áætlum við vaxtatekjur að upphæð 120.000 kr. í hverju mánuði.

## Rekstrartap

Áætlað er að FSÍ verði rekið með 4,5 milljóna króna tapi árið 2024 vegna umfangi landsliðsverkefna. Við leggjum til að rekstrarafgangur árið 2022 og 2023 verði nýttur í rekstrartap ársins 2024. Ef ekki hefði verið fyrir góða styrktarsöfnun árið 2022 þá hefði sambandið verið rekið með tapi árið 2022 en sléttutöluárin eru svipuð í rekstri Fimleikasambandsins.

Fimleikasambandið mun halda áfram að vinna að betrubótum í bókhaldskerfi, sýnileika á gjöldum sambandsins sem og meiri upplýsingagjöf til félaganna um fjárhag þess.

Eva Hrund Gunnarsdóttir

Fjármálastjóri

Fimleikasamband Íslands